

Starfsmannasamtöl			
Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Velliðan í stafi	<ul style="list-style-type: none"> Auka samstarf á milli skólastiga, sérstaklega leik og grunnskóla Bæta aðstöðu starfsmanna s.s vinnuaðstöðu og kaffiaðstöðu. Bæta upplýsingaflæði Auka samvinnu Efla samtal starfsmanna við stjórnendur. Efla teymiskennslu. Innleiða hreyfistundir fyrir starfsmenn. 	<ul style="list-style-type: none"> Vinna skipulega þvert á skólastig. Skilgreina stefnu samfellunnar, auka samstarf þvert á aldurstig Efla sameiginlega sýn og skilning starfsmanna í stofnuminni. Halda sameiginlega starfsmannafundi hjá leik- og grunnskóla einu sinni í mánuði. Námsferð innanlands. Nota upplýsingatöflur, samskiptamiðla, tölvupóst til að halda utan um upplýsingar sem berast dag frá degi. Finna styrkleika starfsmanna og ýta undir þá með tilheyrandi verkefnum. Valdefla teymiskemara í sínu samstarfi. Skoða markmið teymiskennslunnar og endurmeta. Koma á hreyfistundum á skólaárinu. 	Skólastjórnendur og starfsmenn sjálfir.
Endurmat			
<p>Samstarf leikskóla og grunnskólastigs hefur aukist mjög mikið. Samfella er skýrari og samtal milli deilda mun meira. Unnið hefur verið í að bæta aðstöðu starfsmanna en töluvert vantar uppá bæði hvað varðar pláss og aðstöðu almennt. Unnið hefur verið með bætt upplýsingaflæði t.d. með töflum og auknum upplýsingum í tölvupóstum og á FB. Teymiskennsla hefur verið innleidd meðal annars á unglingastigi með góðum árangri. Samtal stjórnenda og starfsmanna hefur verið aukið með snerpuviðtölum sem hafa gefið góða raun. Ekki tókst að innleiða hreyfistundir. Það er flókið í samrekinni stofnun þar sem að erfitt getur verið að gæta jafnræðis.</p>			

Starfsþróun			
Matsþáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Efla og styrkja starfsmenn sem fagmenn í sínum verkefnum.	<ul style="list-style-type: none"> • Horfa til endurmenntunar, meðal annars fagmenntunnar. • Nýta vel endurmenntun hjá Skólaþjónustu Árneshvíls og í nágrenni skólans. • Efla samvinnu við aðra skóla. • Skoða erlent samstarf • Stuðla að auknu samstarf skólanna í sveitarfélaginu og nær sveitafélögum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fylgjast vel með fyrirlestrum og endurmenntun sem starfsmenn hafa tök á að sækja. • Virkt samstarf við aðra skóla til að koma í veg fyrir einangrun fagfólks. • Hefja samstarf við skóla erlendis í kringum þemaverkefni eða starfsþróun. • Auðvelda og hvetja starfsfólk til að fara í framhaldsnám, sérstaklega á sviði menntunnar. • Efla stöðugt samtal stjórnenda í sveitarfélaginu. 	Skólastjórnendur.
Endurmat			
<p>Unnið hefur verið að því að efla endurmenntun. Allir starfsmenn eru hvattir til að nýta sér endurmenntunarmöguleika eins og hægt er. Farið var í sameiginlega ferð innanlands sem tókst gríðarlega vel.</p> <p>Allir starfsmenn eru hvattir til að nýta sér endurmenntunarræði skólaþjónustunnar sem og aðra möguleika.</p> <p>Skólar sveitarfélagsins vinna nú þegar sama með unglingastigið og unnið er að því að bæta það enn frekar.</p>			

Samskipti			
Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Upplýsingaflæði Samstarf og samskipti	<ul style="list-style-type: none"> • Virkja foreldrafélagið og hvetja til samstarfs við önnur félög á svæðinu. • Skýr upplýsingagjöf um nám og námsframvindu. • Endurskoða skólareglur. • Endurnýja heimsíðu og auka við innlegg og færslur á heimasíðu. • Reglulegt fréttabréf til foreldra. • Reglulegar fréttir af skólastarfinu. • Efla samstarf við grenndarsamfélagið um ýmis verkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Styðja við foreldrafélagið. • Halda sameiginlega vinnudaga með foreldrafélaginu. • Nýta samfélagsmiðla bæði fyrir foreldrafélagið inn á við og út á við. • Nota Mentor fyrir námsframvindu og námsmat nemenda. Auka þar með beint samstarf við foreldra. • Nota mentor og samfélagsmiðla af meiri krafti til að segja frá námi og starfi í skólanum. • Endurnýja skólareglurnar og tengja við ný kjörorð skólans. Vinna í samstafi allra sem koma að skólastarfinu. • Gefa út reglulegt fréttabréf til foreldra og senda reglulega út fréttir í fjölmiðla. • Vinna markvisst með grenndarsamfélaginu að 	Skólastjórnendur.

		ýmsum verkefnum og vera sýnilegri í samfélaginu.	
Endurmat			
<p>Gott samstarf er við foreldrafélagið.</p> <p>Skólinn og kennarar eru duglegir að miðla upplýsingum og endurgjöf um námið til foreldra og foreldrar eru almennt ánægðir með það.</p> <p>Endurskoðun skólareglana er komin vel á veg og verður lokið á næsta skólaári. Miðað er við að draga sem flesta aðila að borðinu hvað það varðar.</p> <p>Skólinn hóf að senda regluleg fréttabréf til foreldra með tölvupósti. Stefnt er að því að halda því áfram.</p> <p>Unnið er með grenndarsamfélaginu á ýmsum sviðum. Skólinn stefnir á að auka við það og skýra það betur í áætlunum sínum. Dæmi um vel heppnuð verkefni eru samstarf við HÍ um fuglatalningu. Það verkefni hefur fengið umfjöllun í fjölmiðlum.</p>			

Grunnþættir menntunar			
Matsþáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Læsi í víðum skilningi	<ul style="list-style-type: none"> • Umhverfislæsi eftl. • Endurskoða markmið lestrarstefnu skólans. 	<ul style="list-style-type: none"> • Áhersluþáttur vetrarins er að efla umhverfislæsi nemenda og starfsfólks. Þetta birtist meðal annars í Grænfanaverkefninu og starfsþróun starfsmanna. Auka samstarf við HÍ og ýta undir gremdarkennslu. • Endurskoðun lestrarstefnu skólans og markvissari vinna með hana. Skilgreina betur á hverju skólastigi hvernig við vinnum með lestrarstefnuna. Fara yfir bæklinga fyrir hvert aldurbil. 	Skólastjórnendur Umhverfisteymi Kennarar á öllum stigum
Endurmat			
Umhverfislæsi er meðal annars eftl í gegnum útinám. Vinnu við endurskoðun lestrarstefnu skólans var frestað.			

Grunnþættir menntunar			
Matsþáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> • Endurnýjun jafnréttisáætlunar skólans. • Efla jafnréttismennt á öllum stigum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jafnréttisáætlun endurnýjuð og yfirfarin. Meðal annars með nemendum. • Verkefni sem að ummin eru á öllum stigum séu skoðuð í ljósi jafnréttis og þeirra staðalímynda sem að birtast í samfélaginu. • Horft verði til fyrirlesturs um jafnrétti í skólastarfi. 	Skólastjórnendur.
Endurmat			
Jafnréttisáætlun skólans var endurnýjuð og birt á heimasíðu. Unnið er að jafnréttismenntun á unglíngastig og miðstigi.			

Grunnþættir menntunar			
Matsþáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Lýðræði	<ul style="list-style-type: none"> Nemendalýðræði eflt. Skólareglur unnar með nemendum og öðrum sem að koma að skólasamfélaginu. Unnið að endurnýjun eineltisáætlunar. Stofnanir skólans styrktar, sérstaklega nemendaráð og foreldrafélagið. 	<ul style="list-style-type: none"> Nýjar skólareglur búnar til Aukin áhersla á nemendalýðræði Kallað eftir röddum nemenda í námi og starfi skólans. 	Skólastjórn og umsjónarmenn nemendafélagsins
Endurmat			
Vinna við skólareglur hófst með nemendum. Lögð var áhersla á að efla aðkomu nemenda að skólaráði. Eineltisáætlun skólans var endurnýjuð. Skólinn mælist án eineltis í skólapólisi.			

Starfspróun			
Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Menntun til sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> Sjálfbærnimenntun aukin í skólanum. Áhersla á umhverfið og sjálfbærni t.d. í gegnum ræktun og umhverfismennt. Efla samstarfs við grenndarsamfélagið út frá sjálfbærnisjónarmiðum. 	<ul style="list-style-type: none"> Búið til námsmódel um útikennslu sem að tekur meðal annars á sjálfbærni. Aukin áhersla á kennslu sjálfbærni t.d. í tengslum við umhverfismennt. Vinna við Grænfanann eflid og unnin markvisst. Markvisst unnið að því að efla samstarf við grenndarsamfélagið. 	Skólastjórnendur, útinámsteymi og grænfanateymi.
Endurmat			
Skólinn hóf þátttöku í uppgræðsluverkefni með ML og grænfanastarfið var eflt.			

Grunnþættir menntunar			
Matsþáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Skapandi starf	<ul style="list-style-type: none"> Efling nemenda í skapandi starfi þvert á námsgreinar. Horft til fjölbreyttari verkefna við sköpun en listgreina. 	<ul style="list-style-type: none"> Skýrari fókus á Sal t.d. með aukinni áherslu á það að nemendur komi fram á sal. Hæfni nemenda metin í Mentor. Sviðslistir. Bæta þarf úr aðstöðu til list og verkgreinakennslu. Þemadagar og annað uppbrót nýtt vel t.d. við skapandi verkefni (líka á öðrum sviðum en listsköpun). 	Skólastjórnendur.
Endurmat			
Aukin áhersla var lögð á skapandi starf í þemaverkefnum skólans. Unnið var að uppsetningu nýrrar smíðastofu og betri aðstöðu til handmenntakennslu.			

Skólapúlsinn - nemendamarkmið			
Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Prautseigja og trú á eigin getu Einelti	<ul style="list-style-type: none"> Auka þarf samkennd og samvinnu. Unnið með sjálfsmynd nemenda og trú á eigin getu. 	<ul style="list-style-type: none"> Ýta undir áhugasvið nemenda í náminu t.d. með þemaverkefnum Aukin áhersla á útinám þar sem að það hefur jákvæð áhrif á þrautseigju og sjálfsálit. Unnið markvisst með sérfræðingum skólaþjónustunnar, sérstaklega í tilfellum nemenda sem þurfa sértæka aðstoð. Uppfærsla eineltisáætlunar á skólaárinu í samvinnu við nemendur. Uppfærsla jafnréttisáætlunar á skólaárinu í samvinnu við nemendur. Samstal teymiskennara við sína nemendur eftt enn frekar. Viðvera námsráðgjafa aukin eftir megni. 	Skólastjórnendur.
Endurmat			
Eineltisáætlun og jafnréttisáætlun voru endurnýjaðar. Teymiskennarar áttu uppbyggileg samtöl við nemendur sína. Sérstaklega á unglunga og miðstigi. Stoðþjónusta var eflað með aðkomu Skólaþjónustunnar. Þemaverkefnum var áfram gert hátt undir höfði.			

Skólapúlsinn - nemendamarkmið			
Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður
Líðan nemenda	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að því að stuðla að vellíðan nemenda í öllu starfi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skólapúlsinn og aðrar aðferðir notaðar enn frekar til að greina líðan nemenda. • Frammistöðumat greint og unnið með þá þætti sem þarf að bæta með teymiskennurum og umsjónarkennurum hvers skólastigs, í góðu samstarfi við foreldra. • Unnið að því að styrkja sjálfsmynd nemenda • Samstarf við aðra aðila s.s. félagsmiðstöð, frístund og ungmennafélagið aukið. 	Skólastjórnendur.
Endurmat			
Skólapúlsinn hefur áfram verið lagður fyrir og niðurstöður um líðan eru góðar. Ekkert einelti mælist. Teymiskennsla á unglunga og yngsta stigi kemur vel út og hefur verið til þess að styrkja kennslu og nám. Frístundastarf er í góðu horfi og þátttaka hefur aukist.			